



Lögreglustjórnin á Vesturlandi
Bjarnarbraut 2
310 Borgarnesi

Fjárlaganefnd
Stefán Vagn Stefánsson, formaður
Alþingi

Borgarnesi, 08.11.2023

Varðar: Úrvinnsla á hraðamyndavélamálum

Um langan tíma hefur embætti lögreglustjórans á Vesturlandi og forverar þess embættis sinnt úrvinnslu mynda úr hraðamyndavélum þeim sem Vegagerðin setur upp og rekur. Eftir því sem næst verður komist má rekja upphaf þessa verkefnis til ársins 2004 og hefur því alla tíð verið sinnt í Stykkishólmi, sem sem mikil og verðmæt þekking hefur orðið til. Fjármögnun var sú upphaflega að Vegagerðin greiddi til embættisins 14 millj. kr. árlega í formi sértekna og var miðað við að sá kostnaður myndi jafngilda tveimur stöðugildum hjá embættinu. Umræddum samningi var sagt upp af hálfu Vegagerðarinnar rétt eftir síðustu áramót. Rétt er að geta þess að fjárhæðin hefur staðið óbreytt síðan 2004 að öðru leyti en því að 2017 var fjárhæðin hækkuð í 15 millj. árlega og hefur því engan veginn fylgt verðlagsbreytingum eða launavísitölu. Nú sinna þessu verkefni hjá embættinu 3 starfsmenn og er það alger lágmarksmönnun eins og margítrekað hefur verið bent á. Mat RLS liggur fyrir um að kostnaður embættisins vegna framkvæmdar þessa verkefnis sé 36 milljónir króna.

Fyrir liggur að vegna þessa hefur DMR ákveðið að bæta embættinu 20 millj. kr. í byrjun næsta árs, sbr. bréf dags. 26.09.2023. Eins og embættið og RLS hafa margítrekað bent á er verið að endurnýja og bæta hraðamyndavélakerfið, m.a. með upptöku meðalhraðamyndavéla, en lítið sem ekkert virðist hugað að úrvinnsluþætti málanna, t.d. varðandi fjármögnun hennar og eftirfylgni málanna. Þá liggur jafnframt fyrir að fá eða einhver verkefni tengd umferðaröryggi skila meiri ávinningi fyrir þjóðarbúið, jafnt beinum sem óbeinum. Rétt er jafnframt að hafa í huga að verkefnið sem slíkt snýr að landinu öllu og tengist lítt kjarnastarfsemi lögreglunnar á Vesturlandi og því vart forsvaranlegt að nota almennar fjárheimildir embættisins til reksturs verkefnisins.

Er þess því farið á leit við fjárlaganefnd að aukið verði við fjárheimildir embættisins á næsta ári um 18 millj. kr.; til að tryggja órofinn rekstur verkefnisins á meðan unnið er að fjármögnun verkefnisins til framtíðar. M.v. þær forsendur er unnt að viðhafa tvöfalda sumararfleysingu næsta sumar yfir háannatíma.

Virðingarfyllst;

Gunnar Örn Jónsson
Lögreglustjóri

